

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2022**2022/EES/61/50****frá 29. apríl 2022****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1255 frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og sjálfbærniþátta sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða eiga að taka tillit til ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1256 frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar samþættingu áhættu tengda sjálfbærni í stjórnkerfum váttrygginga- og endurtryggingafélaga ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framseldareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1257 frá 21. apríl 2021 um breytingar á framseldum reglugerðum (ESB) 2017/2358 og (ESB) 2017/2359 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta, sjálfbærniáhættu og óska um sjálfbærni við kröfur um afurðaeftirlit og -stýringu fyrir váttryggingafélög og dreifingaraðila váttrygginga og við reglur um viðskiptahætti og fjárfestingarráðgjöf fyrir váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1270 frá 21. apríl 2021 um breytingu á tilskipun 2010/43/ESB að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og sjálfbærniþætti sem taka á tillit til í tengslum við verðbréfasjóði (UCITS) ⁽⁴⁾.
- 5) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/35):

„– **32021 R 1256:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1256 frá 21. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 14).“
2. Eftirfarandi er bætt við liði 13eb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2358) og 13ec (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2359):

„– **32021 R 1257:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1257 frá 21. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 18).“
3. Eftirfarandi er bætt við lið 30e (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB):

„, breytt með:

– **32021 L 1270:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1270 frá 21. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 141).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 11.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 14.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 18.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 141.

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bba (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013):

„– **32021 R 1255**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1255 frá 21. apríl 2021 (Stjtíð. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 11).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/1255, (ESB) 2021/1256 og (ESB) 2021/1257 og framseldrar tilskipunar (ESB) 2021/1270, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 ⁽⁵⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(5) EES viðbætur 61, 22.9.2022, bls. 11 og Stjtíð. ESB L 246, 23.9.2022, bls. 110